

**L Ö G**

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á árinu 1965 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

## 2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 33 millj. kr. á árinu 1965, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar setja.

## 3. gr.

Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar setja.

## 4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglu, með samþykki sjávarútvegsráðgjafar.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. 2. málgr. 3. málsliður orðist svo:

Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.